

100
14. okt.

2. gr.
Bæjarstjórninni er heimilt, án frekari staðfestingar atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, að hækka eða lækka gjöld fyrir raforku um allt að 20% frá því, sem ákveðið er í gjaldskrá þessari.

3. gr.

Fast árgjald skal goldið fyrirfram að fjórða parti í senn, fyrir hvern ársfjórðung, og eru gjalddagar 2. janúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. okt. Gjald eftir tölu kilóvattstunda skal greitt mánaðarlega eftir á, undir eins og krafist er.

4. gr.

Gjöld fyrir raforku má taka lögtaki.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15, 20. júní 1923, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. október 1932.

Þorsteinn Briem.

Páll Pálmason.

101
15. okt.

REGLUGERÐ

fyrir

Brunabótafélag Íslands.

Samkvæmt lögum nr. 26, 23. júní 1932 um Brunabótafélag Íslands er hér með sett eftirfarandi reglugerð fyrir félagið.

I. KAFLI.

Almenn ákvæði.

Félagið sjálfst og stjórn þess.

1. gr.

BRUNABÓTAFÉLAG ÍSLANDS, sem hér eftir kallast félagið í reglugerð þessari, er eldsvoðatryggingarfélag með gagnkvæmri ábyrgð félagsmanna og með ábyrgð ríkissjóðs fyrir allt að 800.000 kr. Markmið félagsins er að taka

að sér ábyrgð á tjóni, sem orsakast af eldsvoða á Íslandi á húsum utan Reykjavíkur og á lausafé eftir þeim nánari reglum og með þeim skilyrðum, sem sett eru í l. nr. 26, 23. júní 1932 og reglugerð þessari. 101
15. okt.

Félagi telst sá, er á eign váttryggða í félaginu, sbr. þó 7. gr.

Félagar ábyrgjast hver gagnvart öðrum að félagið standi í skilum. Þó nær skuldbinding þessi aðeins til eigna þeirra, er váttryggðar eru í félaginu. Ábyrgðin skal ákveðin við þann hluta eignarinnar, sem váttryggður er.

Skaðabóta má krefjast af félagum, aðeins á þann hátt, að heimt sé inn aukaiðgjöld, er eigi séu hærri neitt ár en helmingur hins árlega iðgjalds, er tiltekið er í brunabótaskirteininu.

Félagar eru að öllu bundnir við ákvæði reglugerðar þessarar. Sérhver ný lög, er gefin kunna að verða og ósamrýmanleg eru ákvæðum reglugerðar þessarar, breyta um leið ákvæðum reglugerðarinnar í samræmi við lög.

2. gr.

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Fyrir kröfum á hendur félaginu, er aðeins aðgangur að félaginu sjálfu, en ekki hverjum einstökum féлага, og má beina slíkum kröfum að framkvæmdarstjóra fyrir félagsins hönd. Starfsvið félagsins er Ísland.

3. gr.

Félaginu stjórnar framkvæmdarstjóri, er landsstjórnin skipar. Framkvæmdarstjóri annast allar framkvæmdir félagsins, daglegan rekstur og reikningsfærslu. Hann tekur ákvörðun um skipun umboðsmanna og annara starfsmanna félagsins; með hvaða kjörum bæði þeir og önnur sú aðstoð, sem þörf er á, skuli tekin; um notkun og ávöxtun peningaforðans og höfuðstóls og vaxta varasjóða samkvæmt 20. gr. laga félagsins, um lántöku innan hinnar lögákveðnu ríkissjóðsábyrgðar, ákvörðun aukaiðgjalda o. s. frv.

Innan þriggja mánaða eftir lok hvers starfsárs skal framkvæmdarstjóri senda stjórnarráðinu ársreikninginn til endurskoðunar og birtingar opinberlega; 4 vikur eftir að reikningurinn hefir verið endurskoðaður af stjórnarráðinu skal hann liggja frammi á skrifstofu félagsins til sýnis fyrir féлага.

Stjórnarráðið getur, hvenær sem því lízt, látið rannsaka allan hag félagsins og, ef nauðsyn krefur, skipað yfir það eftirlitsstjórn.

Framkvæmdarstjóri útvegar endurtryggingu eða samtryggingu með svo góðum kjörum, sem unnt er, á þeim grundvelli, sem 7. gr. laga félagsins ákveður eða framkvæmdarstjóri og stjórnarráðið telja nauðsynlegt og heppilegt.

4. gr.

Félagið greiðir allan kostnað við stjórn þess, þar á meðal laun framkvæmdarstjóra.

5. gr.

Váttryggingarárið og starfsárið telst frá 15. október til 14. október næsta ár á eftir.

101
15. okt.

Dá er ársreikningurinn er saminn skal telja óloknað skaðabætur, fyrirfram greidd iðgjöld og aðrar óloknað skuldbindingar frá því ári og flytja til næsta árs með þeirri upphæð, sem þar eru virtar eftir málavöxtum og reynslu undanfarinna ára. Fari svo, að félagarnir verði eitthvert ár, vegna svika eða af líkum ástæðum, að sæta ábyrgð á upphæð, sem að réttu lagi snertir eitthvert fyrra ár, má þó krefjast þess, að upphæðin verði endurgöldin af félögunum það ár, sem upphæðin varðar, að svo miklu leyti sem ekki virðist hafa verið tekið tillit til hennar.

6. gr.

Félagið tekur að sér að tryggja gegn tjóni af eldsvoða:

a. Í skyldutryggingu:

Allar húseignir í kaupstöðum utan Reykjavíkur og kaupþúnum — þar með talin hús í smíðum — hvort sem þær eru eign einstakra manna, félaga, eða opinberar eignir, ennfremur kirkjur, skólahús og samkomuhús hvar sem eru á landinu. — Frá 15. október 1934 nær skyldutryggingin einnig yfir öll íbúðarhús utan kaupstaða og kaupþúna, úr hverju efni sem þau eru byggð, svo og gripahús, hlöður og geymsluhús, sem þeim eru áföst þannig, að þau megi teljast vera í sameiginlegri brunahættu við íbúðarhúsin. — Undanþiggja má skyldutryggingu kofa, sem standa einir sér og virðingarmenn telja minna virði en 100 krónur.

b. Í frjálsri tryggingu:

1. Öll önnur hús í sveitum en þau, sem falla undir staflið a.
2. Lausafé í sveitum, s. s. húsgögn, búslóð, fatnað, bækur, fóðurbirgðir og matvælabirgðir; ennfremur húpening í húsum.
3. Lausafé húseigenda í kaupstöðum utan Reykjavíkur og kaupþúnum, annað en verzlunarvörur.

7. gr.

Vátryggingar samkvæmt 6. gr. b. 1., 2. og 3. tölulið falla ekki undir hina gagnkvæmu ábyrgð og eigandi húss í smíðum skoðast ekki félagi fyrr en húsið er fullgert og vátryggt að aflokinni venjulegri brunabótavirðingu.

8. gr.

Í reglugerð þessari er hús talið hverskonar bygging, hvort sem æfluð er til íbúðar, iðnaðarreksturs, geymslu eða annara afnota.

Um iðgjöld.

9. gr.

Iðgjöld þau, er með þarf til að standa straum af útgjöldum félagsins, skulu ákveðin í flokkunarreglum, sem stjórnarráðið setur. Skulu þau ákveðin í réttu hlutfalli við þá áhættu, sem hver trygging bakar félaginu.

10. gr.

Iðgjöldin skulu greiðast aðalskrifstofu félagsins í Reykjavík eða umboðsmönnum þess annarsstaðar og teljast þau fallin í gjalddaga í byrjun tímabils þess, sem þau eru talin fyrir.

11. gr.

Sérhverjum félagi er skylt að greiða aukaiðgjald, sem ákveðið kann að verða samkv. 13. gr. Iðgjöldin og aukaiðgjöld hvíla sem lögveð á húseignum þeim, er tryggðar eru í félaginu og ganga í tvö ár fyrir öllum öðrum skuldbindingum, er á þeim liggja, nema sköttum til rikissjóðs.

Öll skyldubundin iðgjöld til félagsins, virðingargjöld og skirteinisgjöld má heimta með lögtaki.

12. gr.

Enga skyldubundna tryggingu má fella úr gildi fyrir þá sök að iðgjald sé ekki greitt.

13. gr.

Ef það kemur fram við uppgerð ársreikninga, að tekjur ársins hrökkva eigi fyrir gjöldum, skal það er á vantar tekið úr varasjóðum tryggingarflokkanna. Ef samanlagðir varasjóðir tryggingarflokkanna nema ekki 1% af allri upphæð þeirri, er félagið ábyrgist án þess frá séu dregnar endurtryggðar upphæðir, leggur rikissjóður fram það, sem á vantar, allt að 800 þúsund krónum. Nú nemur fé það, sem lagt hefir verið fram af rikissjóði meiru en 50,000 kr. og skal þá félagið gera félögum að greiða aukaiðgjöld, þannig, að það, sem fram yfir er 50,00 kr. endurgreiðist rikissjóði á 10 árum í seinasta lagi, ef unnt er, en ávallt skal þess gætt, að aukaiðgjald sé eigi hærra neitt ár, en helmingur hins árlega iðgjalds, er tiltekið er í tryggingarskirteininu. Aukaniðurjöfnua fer þó því aðeins fram, að það, sem á vantar, nemi meiru en 10% af allri iðgjaldafúlgum fyrir síðastliðið ár. Aukaiðgjald ber öllum félögum að greiða og reiknast það eftir mælikvarða þeim, sem ákveðinn er í flokkunarreglunum. Niðurjöfnun félagsins á aukaiðgjöldum verður eigi á neinn hátt hrundið. Ákvæði 10., 11. og 12. gr. ná einnig til aukaiðgjalda.

Varasjóðir tryggingarflokkanna og reikningsskil.

14. gr.

Varasjóðir félagsins eru tveir, annar fyrir tryggingar í kaupstöðum og kaupþúnum, en hinn fyrir tryggingar í sveitum utan kaupstaða og kaupþúna.

15. gr.

Varasjóður kaupstaða og kaupþúna myndast af varasjóði félagsins og iðgjaldasjóðum kaupstaða og kaupþúna, þegar greiddar hafa verið af þeim skuldir hinna einstöku sjóða við félagið, og það, sem einstakir kaupstaðir og kaupþún hafa greitt úr eigin sjóði til að bæta brunatjón.

101

15. okt.

Varasjóður sveita myndast af hinum Sameiginlega brunabótasjóði fyrir sveitahíbýli.

16. gr.

17. gr.

Tekjum og gjöldum hvors tryggingarflokks samkv. 6. gr. laga félagsins, skal halda aðgreindum, og gera reikningsskil fyrir hvorn flokk fyrir sig við lok hvers tryggingarárs. Af tekjuafgangi hvors flokks skal árlega færa meginhlutann til varasjóða flokkanna, en flytja afganginn til rekstursreiknings næsta árs.

18. gr.

Varasjóði tryggingarflokkanna skal ávaxta á þann hátt, sem framkvæmdarstjóri félagsins og stjórnarráðið ákveða, og má aldrei verja þeim til nokkurs, sem eigi stendur í sambandi við markmið félagsins.

Um endurtryggingu og samtryggingu.

19. gr.

Framkvæmdarstjóri leitar, í samráði við ríkisstjórnina, endurtryggingar eða samtryggingar á því, sem einstakar áhættueiningar fara fram yfir það hámark, sem greint er í 7. gr. laga félagsins, og ennfremur á því, sem talið er nauðsynlegt eða heppilegt af því, sem er fyrir neðan það hámark.

Greind endurtrygging eða samtrygging breytir eigi á neinn hátt afstöðu félagsmanna til félagsins, eða innbyrðis.

Um upptöku í félagið og virðingar.

20. gr.

Sérhver eigandi húsa og lausafjarmuna á rétt á að fá það tryggt í félaginu, ef það fellur undir hús þau og lausafjarmuni, sem félagið tekur í tryggingu samkv. 6. gr., hús þó því aðeins, að þau séu tryggilega útbúin gegn eldsvoða samkv. löggjöf þeirri, er gildir um það efni á hverjum tíma og önnur ákvæði reglugerðar þessarar eru því eigi til fyrirstöðu, og lausafjarmuni því aðeins, að þeir séu í slíkum húsum og fullnægt sé öðrum ákvæðum, sem sett eru sérstaklega um lausafjártryggingar.

Ef notanda húss er skylt að endurbyggja húsið er það brennur, getur hann á sama hátt og með sömu skilyrðum fengið hús vátryggt í félaginu, ef það er eigi þegar áður tryggt af eiganda þess. Ef notandi fullnægir eigi skyldu sinni við eiganda til að endurbyggja húsið, ef það brennur, á eigandi rétt á að koma í stað hans að því er snertir notkun brunabótarupphæðarinnar og greiðslu hennar.

21. gr.

Félagið getur neitað að taka hús eða muni í ábyrgð af sérhverjum þeim, sem staðinn hefir verið að vátryggingarsvikum eða að því að hafa orsakað elds-

voða af ásettu ráði eða af stórkostlegu hirðuleysi; svo getur það og neitað ábyrgð, sem af öðrum ástæðum er talið ósamrýmanlegt hag félagsins að taka. Tryggingarbeiðandi getur skotið máli sínu til úrskurðar stjórnarráðsins, ef hann telur ekki nægar ástæður fyrir hendi til að neita tryggingu. **101**
15. okt.

Öll ákvæði reglugerðar þessarar um hús gilda einnig um allt annað, sem váttryggt er ásamt húsum og, að svo miklu leyti sem þau eiga við, um lausafjármuni, nema annað sé sérstaklega ákveðið.

22. gr.

Eigi verður krafizt að félagið taki í ábyrgð nokkra einstaka áhættu, hús, lausafé og mannvirki, hærri en 160 þús. kr. í steinhúsi, 120 þús. kr. í járnklæddu húsi og 80 þús. kr. í öðrum húsum. — Heimilt er þó félaginu að taka hærri áhættu en hér segir, ef það getur fengið þær endurtryggðar eða samtryggðar.

Til sömu áhættu telst hús eða húsaþyrping, að meðtöldu lausafé og mannvirkjum, sem með því er tryggt, sem byggt er á sömu lóð, eða eru sambyggð við hús á annari lóð, nema löglegur eldvarnarveggur sé á milli, eða húsin séu aðgreind með minnst 6 metra fjarlægð hvort frá öðru. Þó má víkja frá þessu síðasta ákvæði, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

23. gr.

Hús skulu jafnan tekin í félagið með virðingarverði. Þó er hægt að tryggja hús í smíðum samkvæmt skýrslu eiganda eða annara hlutaðeigenda með samþykki eiganda, en slíkt hús skal þá tekið í félagið á venjulegan hátt innan eins mánaðar frá því að hússmíðinni er lokið, eða húsið hefir verði tekið til notkunar að nokkru eða öllu leyti.

24. gr.

Nú vill einhver tryggja hús í félaginu eða hefir lokið smíði á húsi, sem váttryggingarskylt er; skal hann þá snúa sér skriflega til umboðsmanns félagsins á staðnum eða, á þeim stöðum þar sem enginn umboðsmaður er, næsta umboðsmanns eða aðalskrifstofu félagsins í Reykjavík. Umboðsmaðurinn ákveður þegar stað og stundu er virðingin skuli fara fram og ritar það á beiðnina ásamt nöfnum virðingarmanna þeirra, er framkvæma eiga virðinguna. Váttryggingarbeiðandi eða umboðsmaður félagsins, ef dráttur verður af hálfu váttryggða, sér því næst um að virðingarmönnum verði tilkynnt að virðingin eigi fram að fara, svo og stað og stundu. Síðan fer virðingin fram samkvæmt reglugerð þessari.

Ef virðingarmaður kemur eigi til virðingar, sem löglega hefir verið ákveðin og birt honum, skal hann sæta sektum, nema hann hafi haft lögmat forföll.

25. gr.

Virðingar skulu jafnan framkvæmdar af tveim virðingarmönnum að viðstöddum umboðsmanni félagsins. Skal annar virðingarmanna tilnefndur af

101 sveitarstjórn eða bæjarstjórn á hverjum stað, en hinn af framkvæmdarstjóra 15. okt. félagsins.

26. gr.

Sveitarstjórnir og bæjarstjórnir kjósa virðingarmann til 4 ára í senn og annan til vara jafnlangan tíma. Á sama hátt útnefna framkvæmdarstjóri félagsins virðingarmann til 4 ára í senn og annan til vara. Varamenn taka þátt í virðingu í forföllum aðalmanns þ. á. m. ef hann er óhæfur virðingarmaður í einhverju tilfalli. Óhæfur telst virðingarmaður auk þess, er hann er eigandi að eign þeirri, er virða á, að nokkru eða öllu leyti, ef hann er náskyldur eða ná tengdur eiganda, eða, ef hann er eða hefir verið verksali eða efnissali að húseign þeirri, er virða á.

Kosning virðingarmanna fer fram fyrir 1. nóvember næstan á undan áramótum þeim, er þeir skulu byrja starf sitt.

Virðingarmenn skulu hafa þekkingu á húsasmíði og verði á byggingar-efnum og verkalaunum.

Enginn getur skorast undan að taka við kosningu sem virðingarmaður, ef hann hefir eigi náð 60 ára aldri og hefir eigi starfað sem virðingarmaður undanfarin 4 ár.

Ef sveitarstjórn eða bæjarstjórn lætur undan fallast að kjósa virðingarmenn á fyrsta fundi sínum eftir 1. nóvember eða eftir að umboðsmaður félagsins hefir á hana skorað að kjósa virðingarmenn, er rétt að framkvæmdarstjóri félagsins útnefni alla virðingarmenn, bæði aðalmenn og varamenn.

Virðingarmenn skrifa undir eiðspjall áður en þeir byrja starf sitt.

27. gr.

Rita skal allar virðingar á hverjum stað í sérstaka bók, sem stjórnarráðið löggildir og skulu virðingarmenn og umboðsmaður félagsins rita nöfn sín undir hverja virðingu.

Vátryggingarbeiðanda skal skylt að leggja fram til leiðbeiningar við virðinguna allar áætlanir, reikninga og annað þess háttar, sem hann hefir og upplýst getur um verðmæti þess, sem virða á.

Skylt skal virðingarmönnum að geta þess í virðingargerð, sem þeir hafa orðið varir við og eykur eldshættu umfram venju, hvort sem það stafar frá byggingunni sjálfri, notkun hennar eða eldshættu í nágrenni við hana.

Í virðingargerðinni skulu virðingarmenn lýsa yfir því, að virðingin sé framkvæmd eftir beztu sannfæringu samkvæmt eiði þeim, er þeir hafa unnið og samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.

Allar virðingarupphæðir á húsum skulu deilanlegar með 10, þannig að upphæðir milli 5 og 10 króna hækki upp í 10 krónur, en upphæð lægri en 5 kr. nemst buru.

28. gr.

Markmið virðingarinnar er að finna hið sanna vátryggingarverðmæti eignarinnar á þeim tíma, sem virðingin fer fram.

Í þessu augnamiði skal í virðingunni lýsa nákvæmlega hverju einstöku húsi. Á grundvelli þeirrar lýsingar skal svo ákveða hvað kosti muni að byggja slíkt hús að nýju á þeim tíma, sem virðingin fer fram. Vátryggingarverðið fæst síðan með því að draga frá nýbyggingarupphæðinni hæfilega upphæð fyrir sliti og elli í hlutfalli við aldur hússins og eftir meðferð þess og viðhaldi á því. 101
15. okt.

Við virðinguna má ekki taka neitt tillit til þess, sem hér segir: Verðmætis lóðarinnar, legu hússins, verðmætis þess í kaupum og sölum, tekna er það gefur, réttinda er því fylgja.

29. gr.

Ef það, sem um ræðir í 54. gr., er vátryggt ásamt með húseign, skal virða það sundurliðað og skal að öðru leyti fylgja framanskráðum reglum um virðinguna.

30. gr.

Vátryggingarverðmæti lausafjármuna, svo sem innanstokksmuna, véla og áhalda, skal ákveða með venjulegu verði á staðnum að frádregnum hæfilegum hluta fyrir notkun, elli, illu viðhaldi eða öðru því um líku. Vátryggingarverðmæti á framleiðslu, skepnum, fóðurforða og því um líku skal ákveða samkvæmt almennu markaðsverði.

31. gr.

Bæði vátryggingarbeiðandi og félagið geta skotið virðingu, sem framkvæmd er samkvæmt reglugerð þessari, til yfirmats, sem skipað sé 4 mönnum með verklegri þekkingu. Krafa um yfirmat skal fram komin innan tveggja sólarhringa frá því er frumvirðingu er lokið. Tilnefnir vátryggingarbeiðandi tvo þeirra, en félagið tvo. Ef þeir koma sér eigi saman, kemur til oddamaður, er hlutaðeigandi dómari skipar. Kostnað við yfirmatið kostar sá aðilja, sem úrskurður yfirmatsins gengur á móti.

32. gr.

Þegar lokið er virðingu, tekur umboðsmaður félagsins við virðingargerðinni, ritar á hana móttökudag og stund og annast um að hún sé send aðalskrifstofu félagsins. Telst eignin vátryggð frá þeirri stundu, sem umboðsmaður félagsins tók við virðingargerðinni. Ef ekkert þykir við virðinguna að athuga, verður þegar gefið út vátryggingarskirteini.

33. gr.

Nú vill einhver tryggja lausafjármuni í félaginu, og skal hann þá senda um það skriflega beiðni til umboðsmanns félagsins á staðnum (í Reykjavík til aðalskrifstofu félagsins), eða á þeim stöðum, þar sem enginn umboðsmaður er, til næsta umboðsmanns. Í beiðninni skal geta þess hvar og í hvaða húsum munir þeir eru, sem óskast tryggðir. Með beiðninni skal fylgja skrá, undirrituð af vátryggingarbeiðanda, þar sem sundurliðað er lausafé það, sem óskast tryggt, eftir flokkum, svo sem húsmunir, áhöld, efni, fóðurforði, skepnur o. s. frv. og tiltekið verðmæti hvers flokks, og jafnframt getið að svo miklu leyti, sem því

101 15. okt. verður við komið í hverju húsi hver flokkur er geymdur. Þó skal jafnan telja upp nákvæmlega lausafjarmuni, sem eru í húsum, sem er sérstaklega eldhætt. Skartgripir, smíðað gull og silfur og munir, sem hafa sérstakt visinda- eða list-verðmæti, skulu taldir sérstaklega, ef óskað er váttryggingar á slíkum einstökum hlut fyrir hærra verð en 200 krónur. Á sama hátt skal telja sérstaklega aðra óvenju dýrmæta hluti eða skepnur.

Á skrána skal vera ritað vottorð umboðsmanns félagsins, um að tryggingarbeiðandi eftir því, sem umboðsmanninum sé bezt kunnugt eigi muni þá, sem skráin telur og að álíta verði að þeir séu að minnsta kosti svo verðmætir, sem þeir eru taldir vera á skránni. Tryggingarbeiðandi skal skyldur að semja slíka skrá af fyllstu samvirkusemi og vandvirkni, og ber ábyrgð á því, að hún sé rétt. Áður en lausafjarmunir eru teknir í ábyrgð, svo og hvenær sem er síðar meðan munirnir eru í ábyrgð, getur félagið látið athuga þessar skýrslur tryggingarbeiðanda. Komi það í ljós, að gefnar hafi verið rangar skýrslur, má ónýta váttrygginguna fyrirvaralaust, og eru þá eigi afturkræf iðgjöld þau, er þegar hafa verið greidd.

Við viðbótartryggingu skal og gætt framangreindra ákvæða.

Félagið lætur mönnum í té eyðublöð undir skrár þær, er um ræðir í þessari grein, og skulu notuð þau eyðublöð, nema eigandi óski, að gefa fullkonnari skýrslu.

34. gr.

Þegar lausafjártryggingarbeiðni ásamt skrá þeirri, er um ræðir í 33. gr., kemur í hendur umboðsmanni félagsins, skal hann þegar rita á hana dag og klukkustund þá, sem hún er móttækin. Því næst athugar hann skrána og gætir þess, að hún sé útbúin svo, sem fyrir er mælt, og sér um, að leiðrétt sé, ef svo er eigi. Því næst ritar hann á hana vottorð sitt samkvæmt 33. gr., og sendir síðan beiðnina ásamt skránni tafarlaust til aðalskrifstofu félagsins. Skyldur skal hann að gefa ókeypis kvittun fyrir móttöku beiðninnar og skrárinnar, ef tryggingarbeiðandi óskar þess.

35. gr.

Ef aðalskrifstofan hefir ekkert að athuga við beiðnina og meðfylgjandi skrá, og vill taka lausaféð í ábyrgð, skal gefið út ábyrgðarskírteini, sem tiltekur váttryggingarupphæð og iðgjald og teljast munirnir þá váttryggðir frá þeirri stundu, sem beiðnin kom í hendur umboðsmanni.

36. gr.

Fyrir almennar virðingar á einni áhættu til brunabóta, skal váttryggði greiða, sem hér segir:

Ef virðingarverð er undir 500 kr.	4.50	krónur
— — — — — yfir 500 en undir 5000 ..	8.00	—
— — — — — yfir 5000 en undir 10000 ..	13.50	—
— — — — — yfir 10000 en undir 25000	18.00	—
— — — — — yfir 25000	27.00	—

Ef virðing stendur lengur en 1 dag, telst ofanskráð gjald fyrir hvern virðingardag. Ef einhver virðing er sérstaklega erfið er framkvæmdarstjóra félagsins heimilt að ákveða hærra gjald fyrir hana en hér segir. Virðingargjaldið skiptist jafnt milli umboðsmanna félagsins og virðingarmanna, að $\frac{1}{3}$ til hvers. Fyrir yfirmat greiðist tvöfalt gjald það, sem ákveðið er fyrir almenna virðingu.

Virðingargjöld til félagsins má heimta með lögtaki.

Um eftirlit og skoðun.

37. gr.

Þegar framkvæmdarstjóri ákveður það, skal umboðsmaður félagsins skoða váttryggð hús, til þess að athuga, hvort ekki ber að lækka upphæðir þær, sem þau eru váttryggð fyrir, vegna ástands hússins eða breytinga á kostnaði við húsabyggingar.

Fimmta hvert ár skal endurskoða verðmæti þeirra föstu muna, sem um ræðir í 54. gr., og, ef til kemur, lækka váttryggingarupphæð þeirra í félaginu. Kostnað við þessar skoðanir ber félagið.

Úrsögn úr félaginu.

38. gr.

Húseignir þær, sem váttryggingarskyldar eru í félaginu samkvæmt 6. gr. staflíð a., getur váttryggði ekki sagt úr félaginu.

39. gr.

Húseignir og lausafé í frjálsri tryggingu má jafnan segja úr félaginu frá 15. okt. næst á eftir að úrsögnin er dagsett, frá kl. 12 á hádegi að telja. Ber að gera það skriflega. Hafi úrsögn ekki verið send og séu iðgjöld ekki greidd innan mánaðar frá gjalddaga telst váttryggingin fallin úr gildi af sjálfu sér.

40. gr.

Sérhverri úrsögn úr félaginu skal fylgja:

- a. Váttryggingarskirteini útgefin á nafn þess, sem sendir úrsögnina.
- b. Veðbókarvottorð, ef um hús er að ræða, sem sýni hvort nokkrar veðskuldir hvíla á eigninni og til hverra, eða hvort nokkrir aðrir hafi öðlazzt rétt til hennar með kaupsamningi, öðru afhendingarskjali, með fjárnámi eða því um líku, svo og, hvort áskilið sé í nokkru öðru þinglýstu skjali, að húsið eða húsin skuli váttryggð í félaginu.

Úrsögnina skal senda umboðsmanni félagsins eða aðalskrifstofunni í Reykjavík; skal hún vera undirrituð af váttryggða í viðurvist tveggja vitundarvotta.

41. gr.

Ef notandi vill segja úr félaginu hús, sem hann hefir tryggt í því, skal úrsögninni fylgja skriflegt samþykki eiganda.

101
15. okt.

42. gr.
Þeir, sem úr félaginu ganga, eiga enga kröfu á hlutdeild í varasjóði félagsins.

Ýms ákvæði.

43. gr.

Ef framkvæmdarstjóri félagsins óskar þess, eru sveitarstjórnir og hreppstjórar skyldir til þess gegn venjulegu endurgjaldi, að annast virðingar fyrir félagið eða aðstoða við þær.

Sveitarstjórnir skulu og skyldar, ef framkvæmdarstjóri óskar þess, að annast störf þau, er samkvæmt reglugerð þessari eru ætluð umboðsmanni félagsins, þar á meðal innheimtu iðgjalda, og yfirleitt veita framkvæmdarstjóra aðstoð sína til að gæta hágsmana félagsins gegn venjulegu gjaldi.

44. gr.

Þangað til tryggingarskylda fellur á öll sveitabýli, 15. október 1934, hefir félagið á hendi stjórn hins sameiginlega brunabótasjóðs fyrir sveitahíbýli.

45. gr.

Hinn 15. október 1932 falla úr gildi öll váttryggingarskírteini, sem gefin hafa verið út fyrir þann tíma.

46. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum 10—500 krónum, er renna í sjóð þann, sem brotið er við. Með mál út af slíkum brotum skal fara sem almenn lögreglumál.

II. KAFLI.

Almenn váttryggingarskilyrði.

Ábyrgð félagsins.

47. gr.

Félagið tryggir félagana, samkvæmt reglugerðum þess, er gilda á hverjum tíma, gegn öllu beinu tjóni, er þeir verða fyrir við skemmdir á hinum váttryggðu eignum, sem orsakast á þann hátt, sem hér segir:

1. Af eldsvoða, slökkviráðstöfunum, niðurrifi og öðrum ráðstöfunum til að stöðva eldsvoða.
2. Af eldingum þótt eigi verði íkveikja.
3. Af sprengingum eftir reglum þeim, sem hér fara á eftir:
 1. Ábyrgð félagsins nær til:
 - a. Hverskonar brunatjóns, sem verður við sprengingu og hverskonar

sprengitjóns, sem verður við sprengingu þegar eigi verður það greint frá brunatjóni því, sem orðið hefir við sprenginguna.

101
15. okt.

b. Sérhvers sprengitjóns, sem annaðhvort hefir orsakast af eldi eða hefir í för með sér eld, hvort sem tjónið á orsök sína í hinna vátryggðu eign sjálfri eða fyrir utan hana.

2. Ábyrgð félagsins nær ekki til sprengitjóns, sem orsakast af gufubrýstingi, upphituðum vökva og upphituðu lofti og lofttegundum.

48. gr.

Félagið ber ekki ábyrgð á tjóni, sem orsakast af jarðskjálfta eða ófriði, né heldur á tjóni, sem af því leiðir, að vátryggði, kona hans og nánustu erfingjar eru valdir að brunanum af ásettu ráði eða fyrir stórkostlegt hirðuleysi.

Félagið á auk þess rétt á að draga allt að fjórðung af brunabótunum, er vátryggði hefir út af eldsvoðanum verið dæmdur í sekt fyrir brot á brunamála-lögunum eða hann hefir gengizt undir það sjálfviljugur að greiða slíka sekt.

49. gr.

Félagið ber ekki ábyrgð á tjóni, sem verður á rafvélum (dynamo), rafmagnsleiðslum og raftækjum, sem tilheyra aflstöð, sem rafmagn er framleitt í eða notað við, þegar tjónið orsakaðist af of hröðum gangi véla, of hárrí speunu, skammhlaupi (Kortslutning) eða öðrum slíkum orsökum, sem rafmagnið sjálft framleiðir.

50. gr.

Framkvæmdarstjóri félagsins getur í hverju einstöku tilfelli sett sérstök skilyrði um ábyrgð fyrir iðnaðarfyrirtæki eða aðrar ábyrgðir, sem sérstök áhætta stafar af.

51. gr.

Takmörkun brunatjóns þess, sem félagið ber ábyrgð á, getur breytzt innan vébanda vátryggingarupphæðarinnar, fyrir ákvarðanir, sem stjórnarvöld gera með heimild í gildandi lögum um það, að hve miklu leyti sé heimilt að gera við byggingu, sem orðið hefir fyrir brunatjóni eða nota þá hluta, sem eftir standa óbrunnir við endurbyggingu. Þó ber félagið ekki ábyrgð á því aukatjóni, sem orsakast við að endurbætur eða endurbygging verða eigi framkvæmd vegna gildandi ákvæða um skipulag gatna og bygginga.

Aukinn kostnaður, sem endurbæturnar hafa í för með sér vegna þagildandi lagaákvæði eða stjórnarvaldafyrirskipana, heimila ekki neina viðbót við skaðabótaupphæð þá, sem greiða ber samkvæmt stærð tjónsins og vátryggingarupphæðarinnar.

Félagið ber ábyrgð á auknu tjóni, sem orsakast af frosti, regni, hruni eða því um líku, þegar tjónið leiðir beint af eyðileggingarástandi því, er bruninn hefir valdið og sá, sem fyrir tjóninu hefir orðið, sannar að það hafi ekki verið á hans valdi að afstýra tjóninu.

101 Tjón, sem orsakast af húsnæðisleysi, missi leigutekna eða því um líku,
15. okt. felst eigi í ábyrgðinni.

Sömuleiðis er það félaginu óviðkomandi að hreinsa til á brunarústunum.

Nánari skilgreining þess sem félagið tekur í ábyrgð.

52. gr.

Almenn greining þess, sem félagið tekur í ábyrgð, er fram tekin í 6. grein.

53. gr.

Hús, sem tekin eru í ábyrgð, skulu útbúin til varnar eldsvoða eins og fyrir er skipað í byggingarsamþykktum og brunamálalögum þeim, sem gilda á hverjum tíma. Þau eru tekin í ábyrgð ásamt öllu múr- og naglföstu, sem þarf til fullkominnar húsbyggingar, og ennfremur öllum þeim hlutum, tækjum og útbúnaði, sem til húss teljast og er fast tengt við húsið — allt að ½ metra niður fyrir jarðflöt eða gjallaragólf.

Ef hús er ekki útbúið til varnar eldsvoða eins og að ofan greinir, tekur félagið þau í ábyrgð með hækkuðu iðgjaldi. Félagið getur og neitað að taka slík hús í ábyrgð.

Til húsa í smíðum má telja byggingarefni á staðnum.

54. gr.

Ef þess er sérstaklega óskað, tekur félagið að sér að váttryggja ásamt húsinu:

- a. hverskonar girðingar úr timbri, steini, steinsteypu, jární eða vir, slökkvi-áhöld, fánastengur, bátabryggjur og því um líkt, enda sé það nákvæmlega sundurliðað og virt í virðingargerðinni.
- b. grunnmúra, sem ganga dýpra en ½ metra niður fyrir jarðflöt eða gjallaragólf.
- c. vélar, eimkatla og innanstokksmuni, sem eru fastir eða erfitt að flytja og yfirleitt slíka hluti, sem telja verður að fylgi húsinu vegna þess sambands, sem þeir eru settir í við það eða vegna sérstakrar notkunar hússins, þótt þessir hlutir falli eigi undir ákvæði næstu greinar á undan.

Félagið getur þó neitað að váttryggja einstaka fasta hluti og getur sagt upp váttryggingu á þeim, þótt teknir hafi verið í ábyrgð.

55. gr.

Félagið tekur ekki ábyrgð á:

- a. húsam, sem notuð eru til að búa til í, eða þar sem unnið er með púðri, skotbaðmull, nitroglycerini, dynamiti, hvellsilfri eða þessháttar sprengiefni. Ef hús, sem váttryggt er hjá félaginu, er síðar tekið til slíkrar notkunar, ber að tilkynna það félaginu tafarlaust og er ábyrgð félagsins þá þegar burtu fallin.

b. húsum, sem standa nær byggingum þeim, er um ræðir í staflið a, en 200 metra. **101**
15. okt.

56. gr.

Hús, sem aðeins eru ætluð til bráðabirgða á þeim stað, sem þau eru reist, getur félagið neitað að taka í ábyrgð. Ef slíkar byggingar eru teknar í ábyrgð, verður það ekki gert fyrir hærri upphæð en verðmæti þeirra til niðurrifs.

57. gr.

Félagið tekur ekki ábyrgð á verðbréfum og öðrum skjölum, slegnum peningum, óslegnu gulli og silfri, lausum gimsteinum eða eiginlegum perlum, sprengiefnum, flugeldum eða eldfimum kemiskum efnum.

Um iðgjöld.

58. gr.

Öll iðgjöld greiðist fyrirfram, þó ekki fyrir lengri tíma en eitt ár í senn. Eindagi á öllum iðgjöldum er 15. október. Nú eru eignir váttryggðar á öðrum tíma og skal þá ávallt fyrsta váttryggingartímabilið teljast til 15. okt. þess, er næstur kemur eftir að váttryggingin byrjar, nema váttryggt sé til skemmri tíma.

Ef iðgjald hækkar á árinu annaðhvort vegna viðaukabýggingar eða af einhverjum öðrum ástæðum telst hækkunin frá byrjun þess mánaðar, sem tilefni varð til hækkunarinnar.

Á sama hátt telst iðgjald af nýjum váttryggingum, sem koma í félagið á árinu.

Ef ástæða þykir til að lækka iðgjald telst lækkunin jafnan frá næstkomandi 15. október.

Ef einhver félagi hefir greitt of hátt iðgjald vegna þess, að það hefir verið rangt reiknað, án þess að váttryggða sé um að kenna, verður endurgreitt það, sem of hátt hefir verið reiknað, þegar þess verður vart.

Ef á sama hátt hefir verið talið of lágt iðgjald, getur félagið aðeins krafizt, að fá mismuninn endurgreiddan fyrir síðastliðið ár.

Breytingar á váttryggingum í félaginu.

59. gr.

Óheimilt er að váttryggja hjá öðrum þær eignir og muni, sem tryggt er í félaginu.

60. gr.

Allar tryggingar í félaginu halda áfram þangað til þeim er breytt með nýrri tryggingu (vegna viðbótar eða annars) eða þær upphafnar. Tryggingar þær, er um ræðir í 6. gr. staflið a, getur váttryggði eigi upphafið.

101

15. okt.

61. gr.
Ef váttryggði óskar breytinga á tryggingunni sökum þess, að váttryggingarupphæðin er ekki lengur réttur mælikvarði fyrir váttryggingarverðmætinu, vegna þess að verð á efni og verkalaunum hefir breytt síðan eignin var tryggð í félaginu, eða vegna breytinga á eigninni eða viðbóta við hana, skal ný virðingargerð fara fram.

62. gr.

Þegar hús eru rifin og byggð upp að nýju að nokkru eða öllu leyti eða gagngerðar breytingar gerðar á því að innan, á útveggjum eða þaki, skal fara fram ný virðing á öllum hlutum hússins eða sérstaklega á því, sem við hefir verið bætt. Áður en slík virðing hefir farið fram og breytt hefir verið váttryggingunni hjá félaginu samkvæmt því, á váttryggði enga kröfu á skaðabótum, ef hið nýbyggða brennur.

63. gr.

Ef hús eru rifin að nokkru eða öllu leyti og ekki byggð upp aftur, eða þau eyðileggjast að nokkru eða öllu leyti á þann hátt að váttryggði, á ekki rétt á brunabótum samkvæmt reglugerð þessari, þá hættir áhætta félagsins að svo miklu leyti frá þeirri stundu er húsið var rífið eða eyðilagt, og getur framkvæmdarstjóri félagsins ákveðið, hvort ný lýsing og virðing á því, sem eftir stendur, þurfi fram að fara.

Skylda váttryggða til að greiða iðgjald fyrir hús eða húshluta, sem þannig eru rifnir eða eyðileggjast, fellur burtu frá næsta gjalddaga að telja, en skyldur er váttryggði að tilkynna aðalskrifstofu félagsins eða umboðsmanni þess þegar í stað hina áorðnu breytingu.

64. gr.

Ef hús geryðist á einhvern þann hátt, sem gefur rétt til brunabóta samkvæmt reglugerð þessari, ber ekki að greiða neitt iðgjald af slíkum húsum frá næsta gjalddaga að telja. Á sama hátt færist niður iðgjaldið, þegar aðeins er um tjón á nokkrum hluta að ræða.

65. gr.

Ef húseign er skipt á milli tveggja eða fleiri eigenda, og óskað er sérstakrar váttryggingar á hverjum hluta, skal lýsa hverjum hluta og virða hann á venjulegan hátt og skal þá ónýtt fyrri váttryggingin.

Ef aftur á móti hverjum hluta hefir verið lýst og hann virtur áður, þá getur breytingin á váttryggingunni í fleiri sjálfstæðar tryggingar orðið samkvæmt þeim lýsingum og virðingum.

Félagið er þó eigi skylt að taka váttryggingu á húsum, sem eigi fullnægja eftir skiptinguna fyrirmælum brunamálalaga og reglugerða, um fjarlægð milli sjálfstæðra húseigna.

66. gr.

Ef hlutir þeir, sem váttryggðir eru í félaginu samkvæmt 54. gr., eru fluttir úr einu húsi í annað í sömu váttryggingu, skal váttryggði tilkynna það skriflega innan 4 vikna aðalskrifstofu félagsins eða umboðsmanni þess.

Geri hann það ekki, missir hann rétt sinn til að fá bættan hlut þann, sem fluttur var.

101
15. okt.

67. gr.

Ef gerðar eru þær breytingar á hinum váttryggðu húseignum eða á starfrækslu þeirri, sem fer fram á váttryggða staðnum, sem leiðir af sér, að greiða ber herra iðgjald en áður samkvæmt flokkunarreglum félagsins, skal váttryggður skyldur að tilkynna aðalskrifstofunni eða umboðsmanni félagsins breytinguna innan 4 vikna frá því að byrjað var á henni.

Ef slík tilkynning er eigi gerð, skal greiða hið hækkaða iðgjald á næsta iðgjaldseindaga að viðbættum 25% af því, svo framarlega sem eigi hefir orðið brunatjón af breytingunni. Hafi brunatjón orðið, skal greiða hið hækkaða iðgjald fimmfalt.

Á sama hátt ber að tilkynna breytingar, sem leiða af sér að greiða ber lægra iðgjald, og skal þá færa iðgjaldið niður frá þeim tíma, sem breytingin var tilkynnt.

68. gr.

Þegar eigendaskipti verða að eign, sem váttryggð er í félaginu, skal senda skrifstofu félagsins, eða umboðsmanni þess, tilkynningu um eigendaskiptin innan eins mánaðar eftir að þau fóru fram, þó er ekki nauðsynlegt að tilkynna andlát váttryggða meðan ekkja hans á hina váttryggðu eign.

69. gr.

Um leið og gerðar eru tilkynningar þær, er um ræðir í 67.—68. gr., svo og þegar aðrar breytingar verða á váttryggingum, skal senda váttryggingarskirteinið með, svo að það geti fengið áritun þá, er með þarf.

Umboðsmenn félagsins skulu tilkynna aðalskrifstofunni þær áritanir um breytingar, sem þeir rita á skirteinin.

Ef ekki hefir verið gefið út váttryggingarskirteini áður, skal það útgefið; hafi skirteini verið gefið út áður en váttryggði hefir það eigi í höndum, skal honum afhent endurrit af því með áritun, ef hann krefst þess.

70. gr.

Ef framkvæmdarstjóri félagsins eða umboðsmenn þess álíta, að váttryggð hús séu orðin minna virði en váttryggingarupphæðin bendir til, vegna elli, lélegs viðhalds eða af likum ástæðum, skal ný virðing fara fram á venjulegan hátt samkvæmt reglugerð þessari, og færast váttryggingarupphæðin niður í það sama verð, sem sú virðing sýnir.

101
15. okt.

Þegar sérstaklega stendur á t. d. þegar hús er notað til annars en áður var, starfræksla í því hættir eða því um líkt, má færa niður váttryggingarupphæðina, að framkvæmdri nýrri virðinguna.

Kostnað við virðinguna ber váttryggði, ef váttryggingarupphæðin færir niður; ella ber félagið kostnaðinn. Ef bætt er úr orsökum þeim, er valdið hafa niðurfærslunni, má hækka aftur váttryggingarupphæðina ef ný virðing sýnir, að verðmæti bygginganna hefir aukizt.

71. gr.

Ef það kemur fram við skoðun, að eldfæri, reykháfar, ljós- eða aflstöð eða því um líkt, er í því ástandi, að hættulegt er að nota, þá getur sá umboðsmaður eða starfsmaður félagsins, sem framkvæmir skoðunina, bannað að nota þessi tæki, þangað til bætt hefir verið úr því, sem að er. Jafnframt skal hann gefa framkvæmdarstjóra félagsins skýrslu um málið, og ákveður hann þá, hvort halda skuli áfram banninu eða ónýta váttrygginguna. Ef váttryggði brýtur slíkt bann, og af því orsakast eldsvoði. hefir hann fyrirgert rétti sínum til bóta fyrir tjón það, sem af því leiðir.

72. gr.

Allir þeir, sem eign eiga tryggða í félaginu, eru skyldir að gefa umboðsmönnum eða starfsmönnum félagsins greiðan aðgang að því að skoða og virða eignir, sem váttryggðar eru í félaginu, er þeir koma í þeim erindum, eftir skipun framkvæmdarstjóra.

Ef slíkum aðgang er neitað, á félagið rétt á að ónýta váttrygginguna með eins mánaðar fyrirvara.

73. gr.

Skylt skal að tilkynna umboðsmanni félagsins, eða í Reykjavík aðalskrifstofunni, þegar í stað, ef váttryggðir munir eru fluttir frá váttryggingarstaðnum.

Ákvörðun brunabóta.

74. gr.

Ef tjón hefir orðið, sem félaginu er talið skylt að bæta, skal sá, er fyrir tjóninu varð, tilkynna það umboðsmanni félagsins eða aðalskrifstofu þess í Reykjavík þegar í stað og eigi síðar en 48 klukkustundum eftir að hann fékk vitneskju um tjónið.

Ef um lausafjármuni er að ræða, skal tjónþoli ennfremur senda umboðsmanni félagsins eða aðalskrifstofu þess í Reykjavík svo fljótt sem unnt er, og eigi síðar en innan 4 vikna eftir brunann, brunabótakröfu ásamt skýrslu yfir allt það, sem bjargast hefir, það sem brunnið hefir, týnzt hefir og skemmst, og sé jafnframt tilgreint verðmæti munanna. Skýrslu þessa skal tjónþoli gefa að viðlögðum drengskap.

Ef eigi er gerð slið tilkynning, skal dregið af bruntbótunum frá 10 til 100 krónum, þó aldrei meira en 1% af upphæð bótanna.

101
15. okt.

Ef engin tilkynning er gerð innan mánaðar eftir að tjónið varð, eða lausafjárnótakrafa, hefir sá, er fyrir tjóninu varð, misst allan rétt til brunabóta.

75. gr.

Áður en uppgerð brunabóta hefir farið fram, má eigi flytja frá brunastaðnum neitt af því, sem falið hefir verið í váttryggingunni, ekki rífa húsveggi þar sem hættulaust er að láta þá standa, eða yfirleitt gera neina þá hreyfingu eða breytingu á því, sem eftir stendur, sem félaginu getur orðið tap að.

76. gr.

Sá, sem fyrir tjóni verður, skal sjá um svo fljótt sem unnt er eftir að eldurinn er slökktur, að hreinsa til í brunarústum eða húsum, svo að unnt sé að virða nákvæmlega tjón það, er orðið hefir við brunann. Það hvílir ennfremur á honum sú skylda, að gera það, sem í hans valdi stendur, til að varðveita gegn frekari tjóni húshluta eða muni, sem þjargað hefir verið, skemmdum eða óskemmdum.

Ef tjónþoli, vanrækir að hreinsa til eða varðveita húshluta, vélar eða muni svo sem hér var sagt, eða eigi er hreinsað svo vel til, að unnt sé að framkvæma umrædda virðingu, getur félagið látið framkvæma það, sem með þarf í þessu efni, á kostnað hans.

77. gr.

Ef tjónþoli, hefir vegna engrar eða ófullnægjandi varðveizlu, við hreinsunina eða á annan hátt, gert eða leyft nokkrar óréttmætar skemmdir á því, sem eftir stóð, þá bætir félagið eigi það tjón, sem af því orsakast. Ef burtnumdir hafa verið verðmætir munir, ber að draga frá brunabótaupphæðinni verðmæti munanna, og auk þess allt að 2% af allri brunabótaupphæðinni.

78. gr.

Jafnskjótt sem lokið er að hreinsa til í rústunum, sér félagið um að framkvæmd verði virðing sú, sem nauðsynleg er til að ákveða hversu miklu tjónið nemur.

Bætur þær, sem greiða ber, ákveðast eftir hlutfallinu milli brunatjónsins og váttryggingarupphæðarinnar. Váttryggingin getur aldrei orðið til gróða fyrir váttryggða. Því ber að ákveða hið sanna váttryggingarverðmæti hinna váttryggða eigna, er bruninn varð, áður en byrjað er á sjálfri uppgerð tjónsins. Með þessu augnamiði skal rannsaka, hvort váttryggingarverðmætið hefir eigi, samkvæmt virðingu þeirri, er fyrir liggur, og skirteini því, sem í gildi er brunadaginn, rýrn að að mun vegna elli, skemmda, vanrækslu á viðhaldi, byrjuðu niðurrifi eða vegna líkra orsaka og ef svo er, skal færa váttryggingarupphæðina niður, svo hún verði í samræmi við hið raunverulega verðmæti.

101

15. okt.

79. gr.

Ef gerðar hafa verið breytingar, viðbætur eða umbætur, sem auka verðmæti hinnar tryggðu eignar, eftir að hún hefir verið tryggð í félaginu, og eigi hefir verið gætt þessa verðmætisauka með nýrri eða aukinni vátryggingu samkvæmt 62. gr., skal þessu nýja verðmæti haldið utan við ákvörðun brunabótanna og fellur það ekki undir brunabótaskyldu félagsins.

Ef verðmætið hefir aðeins breytt litilið eitt, skal leggja vátryggingarupphæðina til grundvallar við brunabótavirðinguna.

80. gr.

Algert brunatjón telst það þegar hinar vátryggðu eignir eru algerlega cyðilagðar eða hlutar byggingarinnar að langmestu leyti svo skaddaðir, að þeir verða eigi notaðir til að koma eigninni í samt lagt og áður.

Annars telst tjónið tjón að hluta, jafnvel þó löggjöfin banni að gera við bygginguna aftur eða endurreisa hana.

81. gr.

Brunatjónið er gert upp sérstaklega fyrir hverja einstaka byggingu eða byggingarhluta, sem lýst er í virðingargerðinni.

Hin rétta upphæð brunatjónsins er, ef um algert brunatjón er að ræða, mismunurinn á sönnu vátryggingarverði byggingarinnar er bruninn varð og verðmæti brunaleifanna og, ef um tjón að hluta er að ræða, upphæð sú, sem kostar að gera við bygginguna samkvæmt byggingarlagi hennar, tegund og gæðum byggingarefnis, án tillits til þess, að byggingarreglur kynnu að banna að byggt sé á sama hátt aftur eða notuð séu samskonar byggingarefni, allt að frádrögnu verðmæti brunaleifa þeirra, sem einhvers virði eru.

Þegar virða skal brunaleifar, skal byggja á verðlagi því, sem byggt var á, þegar virt var til vátryggingar; sá, sem tjónið beið, er skyldur að taka við brunaleifunum.

82. gr.

Þegar vátryggingarupphæðin er jöfn hinu sanna vátryggingarverðmæti eða hærri, verður brunabótaupphæðin jöfn upphæð brunatjónsins, ef vátryggingarupphæðin er lægri en hið sanna vátryggingarverðmæti, fæst brunabótaupphæðin með því að færa niður upphæð brunatjónsins eftir hlutfallinu milli vátryggingarupphæðar og vátryggingarverðmætis.

Þannig skal farið að, hvort sem um algert tjón eða tjón að hluta er að ræða.

83. gr.

Fyrir byggingar, sem sannanlegt er að ætlaðar voru til niðurrifs, verða bæturnar aðeins miðaðar við verðmæti byggingarefnisins að frádrögnum kostnæði við niðurrif, hvort sem um algert tjón eða tjón að hluta er að ræða.

84. gr.

101
15. okt.

Við uppgerð á brunatjóni á húsi í smíðum, sem hefir verið vátryggt ásamt efni í bygginguna fyrir upphæð, sem vátryggði hefir sjálfur tiltekið, ber þeim, sem tjón bíður, eftir því sem kostur er á, að leggja fram, svo ákveðið verði hið sanna vátryggingarverðmæti þegar bruninn varð, reikninga, kvittanir og eftirrit úr bókum þeirra, sem selt hafa efni, er sýni hve mikið efni hefir verið látið til byggingarinnar og auk þess gefa yfirlýsingar að viðlögðum drengskap og með eiðstilboði um það, hve mikið af efni þessu hafi verið á staðnum, eða sanna á annan tryggan hátt, hvert hafi verið verðmæti byggingarinnar og efnisins. Eftir þeim skýrslum, sem sá er tjónið beið, og starfsmenn við smíði byggingarinnar geta gefið að viðlögðum drengskap og með eiðstilboði um það, hve langt hafi verið komið smíði á byggingunni, ákveða virðingarmennirnir upphæð þá, sem telja ber verkalaun, sem til byggingarinnar hafi gengið. Verðmæti byggingarefnisins að viðbættum flutningskostnaði og verkalaunum mynda hið sanna vátryggingarverðmæti á brunatímanum. Rétt upphæð brunatjónsins er mismunur milli hins sanna vátryggingarverðmætis og verðmætis þeirrar byggingar og efnis, sem eftir stendur, nema ef hið sanna vátryggingarverðmæti reynist hærra en upphæð sú, sem vátryggt er fyrir, þá telst brunatjónið aðeins hlutfallslega, hvort sem um algert tjón eða tjón að hluta er að ræða.

85. gr.

Skýlt er tjónþola að gefa allar þær upplýsingar, sem hann getur, um tjónið og orsök þess og að leggja fram allar bækur, reikninga, kvittanir, áætlanir, uppdrætti og annað, sem verið getur til leiðbeiningar við virðinguna.

86. gr.

Nú eru lausafjármunir, sem vátryggðir eru í félaginu, jafnframt tryggðir gegn brunahættu á sjó eða í flutningi, og bætir félagið þá einungis það, sem tjónið fer fram úr þeirri upphæð, er flutnings- eða sjóvátryggingarfélagið hefði átt að greiða, ef engin brunavátrygging hefði verið.

Um skoðunar- og virðingargerðir út af brunatjóni, yfirmat o. fl.

87. gr.

Virðing til að ákveða upphæð brunabóta á húsum og munum, sem vátryggðir eru ásamt húsum, eða til sönnunar um notkun slíkra bóta skal framkvæma af tveim virðingarmönnum; kýs félagið annan, en tjónþoli hinn.

Ef tjónþoli eða sá, sem gætir hagsmuna hans, eigi kýs matsmann sinn innan 48 klukkustunda, frá því á hann var skorað að kjósa, eða ef sá, sem hann kýs, neitar að taka að sér starfið, þá kýs félagið báða virðingarmennina. Um hæfi þeirra gilda ákvæði 26. gr.

Ef virðingarmenn koma sér eigi saman um virðingarupphæðina, kjósa

101 þeir sér oddamann. Ef þeir koma sér heldur eigi saman um oddamann, skal hann
15. okt. útnefndur af hlutaðeigandi dómara.

Virðing þessara manna er fullnaðarúrslit, nema löglega sé óskað yfirmats, sbr. 90. gr., og verður niðurstöðinni ekki hnekkt fyrir dómstólunum.

88. gr.

Þegar bygging hefir verið endurreist eða gert við hana, verður hún aftur váttryggð í félaginu að lokinni virðingu þeirri, er fram fer til sönnunar notkunar brunabótanna.

89. gr.

Ef tjónþoli óskar að skjóta slíkum virðingum til yfirmats, skal hann tilkynna það félaginu innan 72 klukkustunda eftir að lokið var virðingunni.

Á sama hátt getur félagið krafizt yfirmats innan 72 klukkustunda frá því það hefir fengið eftirrit af virðingargerðinni í hendur.

90. gr.

Yfirmatsmennirnir skulu ávallt vera helmingi fleiri en þeir, sem framkvæma fyrstu virðingu; um hæfi þeirra gilda sömu reglur sem um hæfi frumvirðingarmanna og kosnir skulu þeir á sama hátt, hálf talan af félaginu og hálf talan af tjónþola. Um kosningarfrest og kjör oddamanns skal fara á þann hátt, sem segir í 87. gr.

Þegar yfirmat hefir farið fram, eru það fullgild úrslit og þeirri niðurstöðu verður eigi hnekkt fyrir dómstólunum.

91. gr.

Umboðsmaður félagsins annast um að framangreindar virðingar fari fram og sér um, að til greina komi við ákvörðun virðingarupphæðanna öll atvik og kringumstæður, bæði það, sem er til hagsmuna félaginu og það, sem er til hagsmuna tjónþola.

Allar virðingar skulu framkvæmdar með eiðstilboði og virðingarmenn skulu vinna eið að virðingunni, ef krafizt verður.

Áður en virðing fer fram, skal umboðsmaður félagsins tilkynna tjónþola hvenær virðingin eigi að fara fram, og að henni lokinni tilkynna honum niðurstöðuna.

92. gr.

Kostnað við virðinguna til að ákveða upphæð brunabóta ber félagið; annars ber sá kostnaðinn við virðingar þær, er um ræðir í þessum kafla, sem um virðinguna biður. Kostnað við yfirmat ber sá, sem matið gengur á móti. Ef frummatið er staðfest, þá skal sá bera kostnaðinn við yfirmatið, sem um það hefir beðið.

93. gr.

Upphæð brunabóta fyrir lausafé skal ákveðin af félaginu eftir skýrslu tjónþola, samanborinni við skýrslu þá, er um ræðir í 33. gr.; þó hefir félagið frjálsar

hendur að lækka bæturnar vegna sérstakra upplýsinga um sannvirði munanna, sem tjónið hefir lent á, á brunatímanum. Upphæðir þær, sem taldar eru í vátryggingarskírteininu fyrir hvern flokk muna (sbr. 33. gr.) mynda hver út af fyrir sig takmörk ábyrgðar félagsins fyrir muni í þeim flokki, án tillits til hvernig verðmætisskiptingin milli flokkanna hefir verið á brunatímanum og hvernig tjónið skiptist á þá.

Tjónþoli verður að geta sannað hve mikið var fyrir hendi á brunatímanum af vörum, fódurbirgðum og þessháttar, sem breytist dag frá degi, með bókum sínum, reikningum, vitnisburðum valinkunnra manna o. s. frv.

94. gr.

Umboðsmaður félagsins athugar skýrslu tjónþola og kröfu hans um brunabætur og ef með þarf leitar hann sér frekari skýrslna og ber sig saman við aðra kunnuga. Skjölín með tillögum sínum sendir hann svo aðalskrifstofu félagsins. Getur hún jafnan, ef hún óskar þess, sent sérstakan fulltrúa sinn til að rannsaka skýrslur þessar.

Ef ekki fæst samkomulag um brunabæturnar á þeim grundvelli, sem hér greinir, getur bæði félagið og tjónþoli krafizt virðingar, og ef til kemur yfirmats, á þeim liðum, sem ósamkomulag er um. Gilda um mót þessi allar sömu reglur, sem settar eru um húsamöt í 87., 89.—92. gr.

Tjónþoli er skyldur að halda skemmdum munum gegn því að fá skemmdirnar bættar, en félagið getur, ef því þykir skemmdirnar of hátt metnar, sjálft tekið munina því verði, sem þeir eru virtir.

Félaginu er frjálst að greiða brunabætur fyrir lausafé í friðu (*in natura*) og annast sjálft um að koma skemmdum munum í samt lag.

Um notkun brunabóta og greiðslu þeirra.

95. gr.

Bótum fyrir tjón á húsum skal varið til að byggja upp á sama stað eða gera við hús það, sem brunnið hefir, nema þegar endurbygging eða viðgerð húss verður ekki framkvæmd á sama grunni eða sömu lóð vegna þess að hún kemur í bága við skipulag kaupst. eða kaupsþús eða við önnur gildandi ákvæði.

Við endurbyggingu húsa og húsabætur er félaginu skylt að tryggja það, áður en brunabæturnar eru greiddar, að þeim sé varið réttilega.

Ef brunnin hús verða eigi endurreist á rústunum án þess þau verði nær húsi eða grunni annars manns en gildandi lög eða samþykktir leyfa, þá getur hvorki félagið né tjónþoli haft á móti því að hið nýja hús sé reist annarsstaðar á sömu lóð, ef unnt er án þess að koma í bága við lög eða samþykktir.

96. gr.

Þegar óskað er að reisa nýtt hús utan við rústirnar, án þess að nauðsyn sé vegna laga eða samþykktar, en þó ekki utan við takmörk lóðar þeirrar, sem

101 fylgdi húsi því, er brunnið hafði, skal það liggja undir framkvæmdarstjóra félagsins að ákveða í hverju einstöku tilfelli, hvort það skuli leyft.

15. okt.

97. gr.

Nú er þess óskað að brunabætur séu greiddar án skyldu til að byggja upp aftur á sama stað, eða til að byggja að nýju utan lóðarmarka hins brunna húss, eða til að byggja nýtt hús allt öðruvísi eða til annarar notkunar en hið brunna hús, þá þarf til þess fyrst og fremst leyfi veðhafa. Síðan tekur framkvæmdarstjóri félagsins ákvörðun um hvort slíkt skuli leyft og þá með hverjum frádrætti á brunabótaupphæðinni. Ef um er að ræða útborgun brunabóta án nokkurrar byggingarskyldu, skal jafnan draga frá 10—20% af brunabótaupphæðinni, nema almannahagur meini að endurbyggt sé hús til sömu nota í sama kaupstað eða kaupþúni, eða á sama býli.

98. gr.

Sú skylda hvílir á tjónþola að sanna með skoðunar- og virðingargerð, sem framkvæmd sé undir umsjón umboðsmanns félagsins, að hús þau, er skemmst hafa að nokkru eða öllu leyti, hafi fengið viðgerð eða verið endur-reist samkvæmt ákvæðum framanskráðra greina.

Ef bætur fyrir tjón að hluta nema minna en 400 krónum, getur einfalt vottorð umboðsmanns félagsins eða tveggja virðingarmanna komið í stað skoðunar- og virðingargerðar.

99. gr.

Nú kemur það í ljós við slíka skoðunar- og virðingargerð, að veggir, sem í virðingargerð þeirri, er framkvæmd hefir verið til að ákveða upphæð brunabóta, hafa verið virtir til niðurrifs, hafa samt verið notaðir í bygginguna, eða vélar eða aðrir hlutir, sem þá voru virtir sem ónothæfir, hafi samt með viðgerð verið gerðir nothæfir, þá skal draga frá brunabótunum það, sem brunaleifarnar hafa sannanlega verið meira virði. Ef viðgerð eða endurbygging hinna skemmdu eða gereyðilögðu húsa eða hluta hefir kostað minna en gert var ráð fyrir í umræddri virðingargerð, ber aðeins að borga þá upphæð, sem sannað er að notuð hafi verið til endurbyggingarinnar.

100. gr.

Ef hús aftur á móti hafa verið bætt og byggð gagnstætt ákvæðum 95. gr., er hlutaðeigandi skyldur, ef hann vill fá greiddar bæturnar, að gera þær breytingar á húsunum, sem þarf til þess að bæturnar verði notaðar samkvæmt nefndum ákvæðum, nema leyfi fáið samkvæmt 97. gr. til að láta þær standa óhaggaðar.

101. gr.

Brunabætur verða eigi greiddar fyrr en haldin hefir verið réttarrannsókn út af brunanum; þó getur framkvæmdarstjóri gert undantekningu frá þessu, ef tjónið nemur eigi meira en 500 krónum.

102. gr.

Engar brunabætur fást greiddar fyrr en tjónþoli hefir lagt fyrir framkvæmdarstjóra félagsins sönnunargögn þau, er um ræðir í 89. gr., annaðhvort fyrir öllu tjóninu eða tjóni á einstökum hlutum vátryggingarinnar. Hann skal og, ef krafizt verður, leggja fram eflirrit af réttarrannsókn þeirri, er fram hefir farið út af brunanum.

Þegar framkvæmdarstjóri hefir fengið gögn þessi í hendur, skal hann eigi síðar en tveim vikum þar á eftir, gera ráðstafanir til greiðslu brunabótaupphæðarinnar, ef eigi er neitt til fyrirstöðu greiðslunni samkvæmt öðrum ákvæðum reglugerðar þessarar. Greiðslustaður brunabóta er aðalskrifstofa félagsins í Reykjavík.

103. gr.

Um leið og brunabætur eru greiddar, eignast félagið sjálfkrafa allar þær kröfur, sem vátryggður kann að hafa á hendur öðrum en því, um bætur fyrir hið vátryggða, allt að þeirri upphæð er brunabótunum nemur.

104. gr.

Eigi verður lagt löghald á brunabótaupphæðina né gert fjárnám í henni, nema ásamt með eigninni sjálfri.

105. gr.

Þegar eignir þær, sem tryggðar eru hjá félaginu, eru veðsettar, nær veðrétturinn einnig til brunabótafjárins. Glati veðsetjandi rétti sínum til brunabótanna, á veðhafi engu að síður heimtingu á greiðslu þeirra svo sem með þarf til að borga kröfuskuld hans með eins árs vöxtum, ef annað veð eða aðrar eignir veðsetjanda hafa eigi hrokkið til.

106. gr.

Ef eigi hefir verið færð sönnun sú, er um ræðir í 98. gr., innan 3 ára frá brunanum, missir tjónþoli allar kröfur til brunabóta hjá félaginu, eða ef gert hefir verið við eða endurreist aðeins að nokkrum hluta, þá missir hann kröfu til þess hluta bótanna, sem ónotaður er látinn.

Frádráttur á brunabótum.

107. gr.

Félagið getur dregið allt að fjórðung af brunabótum, ef vátryggjandi eða kona hans, sem er í sambúð með honum, hefir út af eldsvoðanum verið dæmd í sekt fyrir brot gegn brunamálalögunum, eða hann eða hún hafa gengizt undir það sjálfviljug að greiða slíka sekt.

108. gr.

Ef bann það, sem um ræðir í 71. gr., hefir verið brotið á síðustu 12 klukkustundum áður en eldurinn kom upp, má draga allt að $\frac{1}{3}$ af brunabótun-

101 um, þótt eigi sannist að vanræksla á að hlýða banninu hafi orsakað eldsvoðann,
 15. okt. þegar eigi er sannað að eldsvoðinn hafi orsakast af öðrum ástæðum.

109. gr.

Sama frádrátt má gera, þegar tjónþoli:

- 1) hefir vanrækt að gera það, sem með þurfti til að slökkva eldinn eða stöðva hann eða að ástæðulausri breytni sinni meðan á slökkvitilraununum stóð eða eftir að þeim var lokið, hefir orðið þess valdandi að tjónið hefir aukizt,
- 2) hefir gefið ranga skýrslu um verðmæti hins váttryggða eða upphæð tjónsins, eða
- 3) með röngum skýrslum eða þögn um það, sem honum var skylt að skýra frá, hefir hindrað rannsókn til upplýsinga um orsök eldsvoðans eða stærð tjónsins.

Þetta nær og til þess, ef tjónþoli gagnstætt skyldu sinni hefir stuðlað að misfellum þeim, sem um ræðir í tölulið 1—3.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt er úr gildi numið:

- a. Frá 15. okt. 1932: Reglugerð fyrir Brunabótafélags Íslands, útgefin 16. jan. 1917, og viðaukareglugerð við hana, útgefin 20. apríl 1921.
- b. Frá 15. okt. 1934:
 1. Reglugerð um brunabótasjóði sveitarfélaga, útgefin 20. okt. 1906.
 2. Reglugerð um sameiginlegan brunabótasjóð fyrir sveitahibýli, útgefin 2. apríl 1909.
 3. Reglugerð um iðgjöld til brunabótasjóða sveitarfélaga, útgefin 31. jan. 1912.
 4. Reglugerð um iðgjöld til brunabótasjóða sveitarfélaga o. fl., útgefin 30. marz 1918.
 5. Reglugerð um breyt. á reglugerð um brunabótasjóði sveitarfélaga frá 20. okt. 1906, útgefin 13. ágúst 1919.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. október 1932.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.